



NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

# Sérfræðingur óskast til starfa á Náttúrustofu Suðausturlands, Kirkjubæjarklaustri.

**Starfið er laust frá 1. ágúst 2016 eða eftir nánara samkomulagi.  
Skilyrði fyrir ráðningu er búseta á Kirkjubæjarklaustri eða í Skaftárhreppi.**

## **Helstu verkefni**

- Þátttaka við gerð hættumats vegna jökulhlaupa á Skaftárvæði, í samstarfi við Veðurstofu Íslands.
- Samantekt skýrslu á fyrirliggjandi gögnum um jökulvötn í Skaftárhreppi og áhrif þeirra.
- Önnur sérhæfð verkefni, eftir atvikum, sem heyra undir starfsemi stofunnar.

## **Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í náttúruvísindum er skilyrði.
- Reynsla af náttúruvísindum.
- Metnaður og sjálfstæði í starfi.
- Samstarfshæfni.
- Öguð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og a.m.k. einu öðru tungumáli.

Leitað er að náttúrufræðingi með frumkvæði, yfirsýn og skipulagsfærni ásamt faglegri framkomu.

## **Frekari upplýsingar um starfið.**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Mat á hæfni umsækjenda byggist m.a. á innsendum gögnum og viðtölum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní 2016.**

## **Nánari upplýsingar veitir**

Kristín Hermannsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands, í síma 470 8060, kristin@nattsa.is. Sótt er um starfið rafrænt á sama netfangi. Öllum umsóknum verður svarað.

Náttúrustofa Suðausturlands er rannsóknarstofnun á sviði náttúrufræða sem staðsett er á Hornafirði, en verður með starfsstöð á Kirkjubæjarklaustri frá og með ágúst 2016.

Verkefni náttúrustofunnar eru öflun upplýsinga um náttúru Suðausturlands og gera þær aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda. Náttúrustofa Suðausturlands tekur að sér margvísleg verkefni á þessu sviði fyrir; ríki, sveitarfélög, stofnanir eða einkaaðila.

**Nánari upplýsingar um störf og verkefni stofunnar er að finna á heimasíðunni: [www.nattsa.is](http://www.nattsa.is).**

